

Útvistunarstefna ríkisins

Ríkið sem upplýstur kaupandi þjónustu

Stefán Jón Friðriksson

27. nóvember 2006



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útvistun – innkaupastefna

Innkaupastefna ríkisins 2002:

„Eðlileg krafa til ríkisstofnana er að skoðað sé með reglulegum og skipulegum hætti hvort verkefni séu leyst með hagkvæmari hætti innan stofnunar en með því að kaupa þjónustuna á almennum markaði.“

Umfang opinberra innkaupa


- Opinber innkaup í heild (2005):
tæpir 90 milljarðar kr.

Þar af:

- Vörukaup: 15,3 milljarðar kr. 5%
- Þjónusta: 71,2 milljarðar kr. 25%

- Þ.a. rekstrarsamningar um 17 milljarðar kr.

Figure 5.1. **Outsourcing of government services**
Purchase of goods and services vs. in-house provision



Source: OECD Secretariat calculations based on GFS data.

Markmið

- Markmið útvistunarstefnu er að efla **samkeppni** og **auka fjölbreytni** á þjónustumarkaði.
- Með skipulagðri útvistun á verkefnum ríkisins er unnt að veita **betri þjónustu** og ná **hagkvæmari rekstri**.
- Útvistun varðar jafnt þjónustu sem ríkið tryggir almenningi og atvinnulífi sem og þjónustu sem ríkið styðst við í rekstri sínum.

Útvistuð þjónusta – skilgreining

- Þjónusta sem ríkið kaupir af utanaðkomandi aðilum, þ.e.
 - einstaklingum
 - fyrirtækjum
 - sjálfseignarstofnunum
 - félagasamtökum
 - sveitarfélögum
- Hvort sem er til eigin nota eða þjónusta sem slíkum aðilum er falið að veita þriðja aðila.

Flokkun

- **Almenn stoðþjónusta.** Þjónusta sem varðar afmarkaða þætti í starfsemi stofnunar.
 - Dæmi: þrif á húsnæði, sorphirða og næturvarsla.
- **Sérhæfð stoðþjónusta.** Þjónusta sem ekki tengist beint hlutverki stofnunar en krefst sérfræðikunnáttu og getur verið mikilvæg fyrir starfsemina.
 - Dæmi: rekstur tölvukerfa
- **Kjarnaþjónusta.** Grunnþjónusta sem samstaða er um að ríkið veiti og greiði að mestu.
 - Dæmi: rekstur hjúkrunarheimila

Forsendur útvistunarstefnu

- **Samkeppni og aukin skilvirkni í þjónustu- og rekstrarverkefnum**
 - Styrkja og viðhalda samkeppni á einstökum sviðum.
 - Byggja upp markaði á tilteknu sviði og bæta samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
 - Efla þjónustu sem getur nýst ríkinu á almennum markaði.
 - Auka aðgengi að verkþekkingu og bættri þjálfun, sem hingað til hefur aðeins verið á færi ríkisins.

Forsendur, frh.

- Bestu kaup
- Ábyrgð og gagnsæi
- Einföldun og skilvirkni
- Þekking og sérhæfing

Framkvæmd stefnunnar

1. Útvistunarstefna ráðuneyta

2. Flokkun og greining þjónustuverkefna

- Meta hæfi einstakra verkefna til útvistunar og setja þeim tímaviðmið.
- Verkefnum skal skipt í þrjá flokka, A, B og C, eftir möguleikum til útvistunar.
- Gera yfirlit yfir verkefni sem nú þegar eru útvistuð.

Flokkun verkefna til útvistunar

A. Verkefni hæf til útvistunar => undirbúningur útboðs hefst

- Auðvelt að skilgreina kröfur
- Þekking og geta á markaði fyrir hendi
- Nægjanleg samkeppni ríki á viðkomandi markaði
 - **Árslok 2006:** Könnun/greiningu lokið.
 - **Árslok 2008:** Útvistun viðkomandi verkefna lokið.

B. Mögulega hæf verkefni til útvistunar => nánari skoðun

Óvissa um hvort þau teljist hæf og/eða tímabær til útvistunar

- **Árslok 2008:** Ef hæft; fært í flokk A og undirbúið til útboðs.
- Sé verkefnið ekki metið hæft skal það flutt í flokk C, en tekið til endurskoðunar innan tveggja ára.

C. Óhæf verkefni => endurskoðuð eftir tiltekinn tíma

- Verkefni sem almennt eru ekki talin hæf til útvistunar.
- Erfitt er að skilgreina kröfur til þjónustu.
- Litlar forsendur eru til þess að komið verði á samkeppni á viðkomandi sviði.
 - **Fyrir árslok 2008:** Endurskoðaðar innan þriggja ára eða fyrir árslok 2008.

- Sé tekin ákvörðun um að útvista ekki verkefni sem almennt er talið hæft til útvistunar ber viðkomandi ráðuneyti eða stofnun að gera grein fyrir ástæðum þess.

Sérstakar aðgerðir og áherslur

1. Ráðgjafahópur um útvistun

2. Þjónustusamningar

2.1 Verklag við útvistun þjónustu bætt með gerð þjónustusamninga sbr. reglug. 343/2006.

2.2 Markviss eftirfylgni og stjórn þjónustusamninga

2.3 Endurskoðun samninga um þjónustuverkefni

3. Fjölgun útboða

Mælanleg markmið

- **Hlutfall útvistunar**
 - Stefnt er að því að hlutfall innkaupa á vöru og þjónustu af útgjöldum ríkisins, án tilfærslna og vaxtagjalda, aukist um 2% á ári og hlutfall samsvarandi þátta ríkisins lækki samsvarandi.
- **Ávinningur með útvistun**
 - Markmið ríkisins með útvistun þjónustu er að ná 400 m.kr. ávinningi árlega á árunum 2007-2010, samtals 1.600 m.kr. Ávinninginn geta ríkisstofnanir sjálfar nýtt til bættrar þjónustu

Ávinningur með útvistun

- Útboð á kjarnaþjónustu 900 m.kr.
- Útboð á rekstrarþáttum og sérfræðiþjónustu 300 m.kr.
- Rammamanningsútboð á þjónustu 200 m.kr.
- Verkefnastjórnun og samningsstjórnun 200 m.kr.

Mælanleg markmið (2)

- Fjöldi þjónustusamninga sem ríkið hefur þegar útvistað
- Gerðir skulu þjónustusamningar um rekstrarverkefni sem einkaaðilar taka að sér að annast fyrir ríkið, til lengri eða skemmri tíma, sbr. reglugerð nr. 343/2006.
 - **Tilgangur:** Að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra sem vinna að undirbúningi, gerð og eftirfylgni samninga um rekstrarverkefni sem einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs í senn.
 - **Markmið:** Að treysta faglega málsmeðferð, samræmd vinnubrögð, hagkvæmni og gæði við undirbúning, gerð, framkvæmd, eftirlit og endurnýjun slíkra samninga í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 94/2001, um opinber innkaup.

Mælanleg markmið (3)

- Fjármálaráðuneytið tekur saman upplýsingar frá ráðuneytum
 - um fjölda samninga út frá skilgreindum þjónustuflokkum, þ.e. kjarnaþjónustu, almennri stoðþjónustu og sérhæfðri stoðþjónustu.
 - um hvort samningar um verkefni, sem þegar hafa verið útvistuð, uppfylli skilyrði reglugerðarinnar um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

Samantekt

- Ráðuneytin skulu **setja sér stefnu um útvistun verkefna fyrir árslok 2006**. Stofnanir skulu haga útvistun sinni í samræmi við stefnu viðkomandi ráðuneytis.
- Ráðuneyti og ríkisstofnanir skulu ákveða hvort **útvista skuli þjónustu- og rekstrarverkefni sem ríkið annast nú þegar**. Á það einnig við um **ný verkefni**.
- **Forgangsráða skal verkefnum sem á að útvista og tímasetja þau**.
- Ráðuneyti leggi fram fyrir árslok 2006 **áætlun um endurskoðun samninga** sem ekki uppfylla kröfur reglugerðar nr. 343/2006 um gerð þjónustusamninga.

Samantekt, frh.

- Ráðuneyti og stofnanir **bæti verklag við gerð og stjórnun þjónustusamninga.**
- Stofnun skal **sýna fram á kostnað sinn af einstökum rekstrar- og þjónustuverkefnum** ef fram koma hugmyndir af hálfu einkaaðila um að leysa verkefni á hagkvæmari hátt.
- Komið verður á fót **ráðgjafahópi um útvistun**, sem fjármálaráðherra skipar. Hlutverk ráðsins er m.a. að veita ríkisaðilum **faglega ráðgjöf** um útvistun þjónustuverkefna.
- Sett eru **mælanleg markmið** um aukna útvistun verkefna. Fjármálaráðuneytið mun árlega gera **úttekt á framgangi** stefnunnar.